

Mótun framtíðarsýnar á lífeyriskerfið

Stefán Halldórsson

LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA






Efnistöð

1. Fyrirættlanir stjórnvalda um grænbók
2. Undirbúningur af hálfu LL
3. Einkenni góðra lífeyriskerfa og áskoranir



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA



1. Fyrirætlanir stjórnvalda um grænbók





Úr yfirlýsingu ríkisstjórnar 29. sept. 2020



- „mun áður kynnt frumvarp um lögfestingu iðgjalds, jafnræði sjóðfélaga með tilliti til almannatrygginga og heimildir til ráðstöfunar tilgreindrar séreignar í tengslum við öflun húsnæðis verða lagt fram á haustþingi“
 - Lagt fram á Alþingi 7. apríl 2021
 - 30 aðilar hafa sent efnahags- og viðskiptanefnd umsögn
 - 13 samtök aðila á vinnumarkaði, 9 lífeyrissjóðir, vörsluaðilar og LL, 5 opinberir aðilar og 3 önnur félög og samtök, þ.á m. eldri borgara
- „Ríkisstjórnin mun í framhaldi af því hafa forystu um að stefnumörkun í lífeyrismálum í **nánu samstarfi** við heildarsamtök á vinnumarkaði og **Landssamband lífeyrissjóða**. Stefnt er að því að afrakstur þess samráðs verði grænbók um lífeyrismál sem kynnt verði vorið 2021.“



„Hvað er grænbók?“

(Texti af samráðsgáttinni)



- „Stöðumat og valkostir er viðfangsefni grænbókar. Grænbók er umræðuskjal sem lagt er fram í opnu samráði á netinu. Grænbókinni er ætlað að hvetja til umræðu um núverandi stöðu, viðfangsefni og framtíðarsýn málefnasviðsins ásamt áherslum og ólíkum leiðum.
- Við gerð grænbókar er framkvæmdaaðilum, samstarfsaðilum og hagsmunaaðilum boðið að taka þátt og leggja fram sjónarmið um áherslur, mögulegar lausnir eða leiðir að árangri.
- Í grænbók eru upplýsingar um viðfangsefni málefnasviðsins/málaflokksins, stöðu, tölfræði, samanburð við önnur lönd og umfjöllun um ólíkar leiðir eða áherslur til að mæta þeim áskorunum sem við blasa.
- **Grænbók er hluti af stefnumótunarferli stjórnvalda“**



Þing ASÍ fól miðstjórn verkefni um Grænbók



- *„Að setja á laggirnar nefnd með þátttöku landssambandanna og stærstu aðildarfélaganna og í ríku samráði við aðildarfélögin, sem verður falið að móta tillögur ASÍ í tengslum við boðaða vinnu stjórnvalda um Grænbók í lífeyrismálum.“*

Úr ályktun 44. þings ASÍ um innra starf sambandsins (21. október 2020)

LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA



2. Undirbúningur af hálfu LL





Stjórn LL skipaði stýrihóp til undirbúnings



- Stefán Halldórsson, verkefnastjóri hjá LL, heldur utan um verkefnið
- Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður LL
- Gylfi Jónasson, varaformaður LL
- Arnaldur Loftsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum
- Harpa Jónsdóttir, LSR
- Jóhann Steinar Jóhannsson, Stapa lífeyrissjóði
- Þórey S. Þórðardóttir, LL

- Ásta Ásgeirsdóttir hjá LL hefur einnig starfað með hópnum.



„Hvað er grænbók?“

(Texti af samráðsgáttinni)



- „**Stöðumat og valkostir** er viðfangsefni grænbókar. Grænbók er umræðuskjal sem lagt er fram í opnu samráði á netinu. Grænbókinni er ætlað að hvetja til umræðu um **núverandi stöðu, viðfangsefni og framtíðarsýn** málefnasviðsins ásamt **áherslum og ólíkum leiðum**.



„Hvað er grænbók?“

(Texti af samráðsgáttinni)



- Við gerð grænbókar er **framkvæmdaaðilum**, **samstarfsaðilum** og **hagsmunaaðilum** boðið að taka þátt og **leggja fram sjónarmið** um áherslur, mögulegar lausnir eða leiðir að árangri.



„Hvað er grænbók?“

(Texti af samráðsgáttinni)



- Í grænbók eru **upplýsingar** um viðfangsefni málefnasviðsins/málaflokksins, **stöðu, tölfræði, samanburð við önnur lönd** og umfjöllun um ólíkar leiðir eða áherslur til að mæta þeim **áskorunum** sem við blasa.



Lykilorðin



Staðreyndir:

upplýsingar

tölfræði

samanburður við önnur lönd

Gildismat:

stöðumat

áskoranir

framtíðarsýn

ólíkar leiðir

valkostir


áherslur

viðfangsefni

sjónarmið



„Hvað er grænbók?“ (Mynd af samráðsgáttinni)



Þegar stjórnvöld hafa hleypt verkefninu af stokkunum kemur væntanlega í ljós hvort aðkoma LL verður að vinnunni við drög grænbókar (rauði hringurinn) eða á opna samráðsstiginu þar á eftir.

Þar til þetta skýrist verður hugmyndum og ábendingum safnað frá lífeyrissjóðum og fastanefndum LL en beðið með frekari úrvinnslu.



Síðan kemur hvítbók

(Texti af samráðsgáttinni)



- *Grænbók birtist í opnu samráðsferli í samráðsgátt Ísland.is.*
- *Að loknu samráði um grænbók er mótuð **hvítbók** þar sem fjallað er um niðurstöður samráðs, framtíðarsýn fyrir málaflokkinn, markmið og aðgerðir sem stjórnvöld áforma að leggja í nýrri stefnu. **Hvítbók er í raun „drög að opinberri stefnu“** eða tillögum stjórnvalds um skilgreint verkefni eða málefni, áskoranir þess, þróun og samhengi.*
- *Þegar hvítbók liggur fyrir fá almenningur og hagsmunaaðilar **aftur tækifæri til þess að koma á framfæri ábendingum sínum og sjónarmiðum** í formlegu samráðsferli áður en endanleg afstaða er mótuð í formlega stefnu.*

3. Einkenni góðra lífeyriskerfa og áskoranir

LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA





Hvað einkennir gott lífeyriskerfi?



Hér verður sótt í tvær skýrslur:

- Skýrsla LL frá 2017: Samanburður lífeyriskerfa fimm landa
 - Ísland, Bretland, Danmörk, Holland, Svíþjóð
- Mercer-CFA Institute: Alþjóða lífeyrisvísitalan (Global Pension Index) 2020
 - Samanburður lífeyriskerfa 39 landa
 - Efstu tvö löndin: Holland (1), Danmörk (2)
 - Hin tvö löndin úr samanburðarskýrslunni: Svíþjóð (6), Bretland (15)



Markmið lífeyriskerfa

(úr fimm landa skýrslunni frá 2017)



Markmið	Viðmið	Ísland
Vörn gegn fátækt aldraðra	Engir eða fáir aldraðir undir fátæktarmörkum landsins.	Já
Viðhald lífsgæðastigs	Viðunandi hlutfall lífeyris af lokatekjum eða meðalævitekjum (lífeyrishlutfall)	Já, skv. samanburði OECD.
Sjálfbærni kerfis	Mannfjöldapróun auki ekki á byrðar komandi kynslóða.	Já
Sanngirni	Kerfið auki ekki á ójöfnuð í tekjum eða eignum.	Já
Jákvæð áhrif á hagkerfi	Sjóðsöfnun og fjölbreytni fjárfestinga.	Já
Hvati til vinnu	Kerfið umbuni fyrir unnin ár og vinnu á efri árum.	Já, þar til taka lífeyris úr opinbera kerfinu hefst.



Framkvæmd lífeyriskerfa

(úr fimm landa skýrslunni frá 2017)



Framkvæmd	Viðmið	Ísland
Sveigjanleiki lífeyristöku	Breytilegur lífeyristökualdur og hlutalífeyrir.	Já, og eykst frá 2018
Áhættuhlutdeild	Samtrygging ævilangs lífeyris.	Já
Hagkvæmni	Samrekstur fyrir stóra hópa.	Já
Flytjanleg réttindi	Réttindi varðveitist þótt skipt sé um vinnu.	Meginregla, stefnt að því að verði algild.
Framfærslulífeyrir	Óheimilt að fá eingreiðslur til annarra útgjalda en hefðbundinnar framfærslu.	Já



Grunnpættir alþjóða lífeyrisvísitölunnar MCGPI



Nægjanleiki (40%)

- Lífeyrir
- Uppbygging kerfis
- Sparnaður
- Skattlagning
- Hlutfall í eigin húsnæði
- Vaxtareignir

Sjálfbærni (35%)

- Þátttaka
- Eignir lífeyrissjóða
- Aldurssamsetning þjóðar
- Opinber útgjöld
- Opinberar skuldir
- Hagvöxtur

Traust (25%)

- Lög og reglur
- Stjórnarhættir
- Réttindavernd
- Upplýsingagjöf
- Rekstrarkostnaður



Áskoranir aukast, m.a. vegna Covid-19 faraldurs



- Í inngangssávarpi skýrslunnar um vísitöluna 2020 eru taldar upp ýmsar áskoranir sem lífeyriskerfi standa frammi fyrir – og eiga þessar einnig við um íslenska kerfið:
 - Fjölgun eldri borgara vegna lækkandi fæðingartíðni og lengri vænts lífaldurs
 - Lágir vextir auka fjárfestingaráhættu lífeyrissjóða
 - Covid-19 faraldurinn hefur komið misjafnlega niður á ýmsum hópum samfélagsins, þ. á m. konum, sem eru hlutfallslega fjölmennir í atvinnugreinum sem hafa orðið verst úti
 - Aukin skuldsetning ríkissjóða dregur úr getu til að fjármagna lífeyris- og velferðarkerfi
 - Hætta á minnkandi lífeyrissparnaði með aukinni lausavinnu á vinnumarkaði



Mikilvægar úrbætur að mati skýrsluhöfunda MCGPI 2020



- Efla þátttöku launafólks og sjálfstætt starfandi í lífeyrissparnaði (m.a. með skyldu til þátttöku)
- Hækka lífeyristökualdur til að mæta lengingu vænts lífaldurs og minnka þannig kostnað við almannatryggingakerfið
- Hvetja til aukinnar atvinnuþátttöku eldri borgara sem eykur lífeyrissparnað og dregur úr fjölgun ára á lífeyri
- Hvetja til aukins lífeyrissparnaðar innan og utan lífeyrissjóðakerfisins til að draga úr álagi á almannatryggingakerfið og einnig til að stilla væntingar margra launþega
- Grípa til aðgerða til að draga úr mun milli kynja og einnig hjá öðrum minnihlutahópum
- Draga úr leka (útgreiðslum) úr lífeyriskerfinu áður en lífeyristökualdri er náð og tryggja þannig, oft með stuðningi skattkerfis, að lífeyrissparnaður verði að tekjum eftir starfslok
- Endurmeta tilhögun hækkana almannatrygginga til að tryggja að raunvirði lífeyris haldist, að teknu tilliti til sjálfbærni kerfisins
- Bæta stjórnarhætti lífeyrissjóða og auka gegnsæi til að efla traust sjóðfélaga



Að lokum þetta:

- *Grænbók er fyrsta skrefið í afar mikilvægu og tímabæru verkefni – mótun framtíðarsýnar á íslenska lífeyriskerfið.*
- *Það er tilhlökkunarefni fyrir Landssamtök lífeyrissjóða og aðra sem vilja leggja sitt af mörkum til að gera gott betra.*

